

## Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

## Minnisblað

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/485

komudagur 13/12 1995

Viðtakandi: Guðjón Rúnarsson  
 Dagsetning: 12.12.95  
 Málsnúmer: 95090011  
 Bréfalykill: 032.9  
 Höfundur: Björg Thorarensen

Efni: Breytingartillögur vegna frumvarps um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna o.fl.

**Breytingartillögur sem varða frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.**

1. Við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Um endurskoðun annarra ákvarðana sýslumanns varðandi aðfarargerðina gilda almennar reglur laga um aðför.

Skýring: Rétt þykir að bæta þessum málslíð við 2. mgr. 10. gr. til þess að taka af tvímæli um að dómsmálaráðuneytinu er aðeins ætlað að endurskoða ákvörðun sýslumanns að því er varðar inntak umgengnisréttarins, en ekki framkvæmd aðfarargerðarinnar að öðru leyti.

Samkvæmt 3. mgr. 37. gr. barnalaga úrskurðar sýslumaður ávallt um inntak umgengnisréttar ef foreldrar greinir á um umgengnina. Sú aðstaða skapast við fullnustu sýslumanns á erlendri umgengnisréttarákvörðun á grundvelli Evrópusamningsins, að það er undantekning frá þeirri meginreglu íslenskra laga að ekki verði gerð aðför til að fullnægja ákvörðun um umgengnisrétt, sbr. niðurlag 38. gr. barnalaga. Þykir þó eðlilegt að ákvörðun um inntak umgengnisréttarsins verði áfram í höndum sýslumanns með kæruehimild til dómsmálaráðuneytis en færist ekki til dómstóla samhliða öðrum ágreiningsefnum um aðfarargerðina.

Að öðru leyti en því sem snertir inntak umgengnisréttarins, er orðað sérstaklega í breytingartillögunni að komi ágreiningur upp um önnur atriði varðandi aðfarðargerðina, gildi almennar reglur aðfararlaga. Með þessu er fyrst og fremst átt við ákvæði 14. kafla laganna um aðför um úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar eða um endurupptöku hennar og 15. kafla sömu laga um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar.

2. 2. mgr. 16. gr. verði svohljóðandi:

Hafi ekki verið tekin ákvörðun um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum innan sex vikna frá því að beiðni barst héraðsdómi skal dómurinn samkvæmt beiðni frá beiðanda gera grein fyrir ástæðum þess.

Skýring: Með því að bæta inn í ákvæðið, að aðeins beiðandi geti krafist dóminn um

skýringar, eru tekin af tvímæli um að þessi heimild er einskorðuð við hann. Beiðandi getur krafist skýringanna beint eða fyrir milligöngu móttökustjórnvaldsins hér á landi, þ.e. dómsmálaráðuneytisins. 2. mgr. 16. gr. er byggð á 2. mgr. 11. gr. Haagsamningsins. Þar segir að þeir sem geti krafist skýringa samkvæmt ákvæðinu, séu beiðandi, eða móttökustjórnvald þess ríkis sem beiðni er beint til (þ.e. dómsmálaráðuneytið hér á landi) annað hvort að eigin frumkvæði eða að ósk móttökustjórnvalds þess ríkis sem ber fram beiðni.

Rétt er að vekja athygli á að þessi regla er undantekning frá þeirri meginreglu íslensks réttarfars að dómari verði ekki krafinn skýringa eða verði gert skylt að tjá sig um gang máls á meðan það er til meðferðar fyrir dómi. Á móti kemur þó að reglan er afdráttarlaust bundin í 1. mgr. 11. gr. Haagsamningsins og er þannig þjóðréttarleg skuldbinding sem samningsríkjum er óheimilt að gera fyrirvara við. Þess má geta til hliðsjónar, að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur reglan verið lögfest í sambærilegri löggjöf vegna aðildar að samningunum, þrátt fyrir að þar gildi sambærilegar meginreglur réttarfars um að dómari verði almennt ekki krafinn skýringa um mál sem eru til meðferðar fyrir dómi.

3. 2. másl. 17. gr. verði svohljóðandi:

Ákvæði 4. mgr. 34. gr. barnalaga eiga við þegar afstaða barns er könnuð.

Skýring: Með þessu er tilvísun í barnalögin gerð afdráttarlaus, enda ekki önnur ákvæði þeirra sem koma sérstaklega til álitavardandi þetta atriði. Í 4. mgr. 34. gr. barnalaganna eru skýrar reglur um hvenær skylt er að leita afstöðu barns og hvaða aðferðum er beitt í því markmiði.

---

Vegna umræðna á fundi allsherjarnefndar í morgun, 12. desember, um þörf á því að gera heildarúttekt á samræmi íslenskrar löggjafar við alþjóðlega mannréttindasamninga, má benda á að slík úttekt var m.a. gerð í tengslum við lögfestingu á Mannréttindasáttmála Evrópu (l. 62/1984). Í fylgiskj. II við frumvarpið (bls. 104) er birt "Frumathugun á því hvort breyta þurfi ákvæðum í íslenskri löggjöf við lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu".